

III. HEIMTAUGARGJALD

34

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskráum um heimtaugargjöld til héraðsrafmagnsveitna ríkisins.

6. marz

IV. OPNUNARGJALD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greitt, þannig, að breyta þurfi reglugerðarákvæðum um lokun fyrir veitu, má taka gjöld fyrir lokunartilkyningu og enduropnun, allt að kr. 140 samtals.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún ekki enduropnuð fyrr en notandinn hefur greitt umboðsmanni héraðsrafmagnsveitna ríkisins 70 kr. gjald. Gjaldið skal greitt í aðsetursstað umboðsmannsins.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá héraðsrafmagnsveitna ríkisins nr. 107 24. maí 1955 og auglýsing um breytingu á þeirri gjaldskrá nr. 129 25. sept. 1958. Enn fremur falla úr gildi gjaldskrár fyrir Rafveitu Stykkishólms, nr. 148 5. nóv. 1948 og breyting á henni nr. 80 25. maí 1955, Rafveitu Suðurfjarðahrepps nr. 58 1. apríl 1949, Rafveitu Þingeyrar, nr. 139 17. júlí 1951, Rafveitu Flateyrar, nr. 88 6. júlí 1948 og breyting á henni nr. 59 26. apríl 1951, Rafveitu Suðureyrar, nr. 216 15. des. 1951, Rafveitu Bolungavíkur nr. 72 25. marz 1952, Rafveitu Hofsóss nr. 87 11. júní 1955, Rafveitu Ólafsfjarðar, nr. 18, 3. febr. 1953, og breyting á henni nr. 173 22. des. 1954, Rafveitu Kaupfélags Langnesinga, Þórshöfn, nr. 6 24. jan. 1952, Rafveitu Raufarhafnar, nr. 126 26. okt. 1955, Rafveitu Seyðisfjarðar, nr. 108 8. ágúst 1949 og breyting á henni, nr. 5 23. jan. 1952, Rafveitu Neskaupstaðar, nr. 154 11. nóv. 1948, Rafveitu Eskifjarðar, nr. 38 20. marz 1951 og breytingar á henni, nr. 1 4. jan. 1955, og nr. 29 8. marz 1956, Rafveitu Búðakauptúns, nr. 204 26. nóv. 1951.

Atvinnumálaráðuneytið, 6. marz 1959.

Emil Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Bréf fjármálaráðuneytisins til tollstjórans í Reykjavík, um toll 35 af „dúkkulísum“ og myndakotrur (puslespil).

9. marz

Hér með tilkynnist yður, herra tollstjóri, að ráðuneytið hefur úrskurðað neðangreindar vörur til tolls eins og hér segir:

- 1) „Dúkkulísur“, hvort sem þær eru fluttar inn í örku, bókum eða annan hátt, til nr. 2 í 84. kafla tollskrár með kr. 5.28 af kg í vörumagnstoll, 90% verðtoll, 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, 7.7% söluskatt og 55% yfurfærslugjald.
- 2) Myndakotrur (puslespil) til nr. 4 í 84. kafla tollskrár með kr. 5.28 af kg í vörumagnstoll, 90% verðtoll, 2% tollstöðva- og byggingarsjóðsgjald, 7.7% söluskatt og 55% yfurfærslugjald.